

Vímuefnaneysla unglunga í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi

Þróun frá 1997 til 2012



RANNSÓKNIR & GREINING
við Háskólann í Reykjavík

Höfundar

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon

Hrefna Pálsdóttir

© 2012 Rannsóknir & greining

WWW.RANNSOKNIR.IS

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.

Efnisyfirlit

<i>Yfirlit yfir myndir</i>	5
<i>Listi yfir töflur</i>	6
<i>Inngangsorð</i>	7
Aðferð og gögn	8
Pátttakendur og framkvæmd.....	8
Mælitæki	9
Úrvinnsla	9
<i>Niðurstöður</i>	10
<i>Reykingar</i>	10
Prófað að reykja einu sinni eða oftár um ævina	10
Daglegar reykingar	10
<i>Munn- og neftóbaksnotkun</i>	11
Munntóbak einu sinni eða oftár um ævina	11
Neftóbak einu sinni eða oftár um ævina	12
Munn eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina.....	13
Munntóbak 20 sinnum eða oftár um ævina	14
Neftóbak 20 sinnum eða oftár um ævina	15
Munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga.....	16
Neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga	17
Munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga	18
<i>Neysla áfengis</i>	19
Áfengi einu sinni eða oftár um ævina.....	19
Áfengi einu sinni eða oftár sl. 30 daga	19
Ölvun einu sinni eða oftár um ævina.....	20
Ölvun einu sinni eða oftár sl. 30 daga	20
<i>Neysla kannabisefna</i>	21
Hass einu sinni eða oftár um ævina	21
Marjúána einu sinni eða oftár um ævina	21
Hass eða marjúána einu sinni eða oftár um ævina.....	22
Viðhorf til hass og/eða marjúána.....	22
<i>Neysla annarra vímuefna</i>	25
Amfetamín einu sinni eða oftár um ævina.....	25
Kókaín einu sinni eða oftár um ævina	25
E-töflu(r) einu sinni eða oftár um ævina	26
Sveppir einu sinni eða oftár um ævina	26
Sniff einu sinni eða oftár um ævina.....	27
Anabólískir sterar einu sinni eða oftár um ævina	27
<i>Samantekt og umræða</i>	29
<i>Heimildir</i>	33

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa prófað að reykja sígarettu(r) einhvern tíma um ævina, árin 1997 - 2012.	10
Mynd 2.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem reykja sígarettu(r) daglega, árin 1997 - 2012.	10
Mynd 3.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	11
Mynd 4.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	11
Mynd 5.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	12
Mynd 6.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	12
Mynd 7.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	13
Mynd 8.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	13
Mynd 9.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	14
Mynd 10.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	14
Mynd 11.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	15
Mynd 12.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.	15
Mynd 13.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	16
Mynd 14.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	16
Mynd 15.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	17
Mynd 16.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	17
Mynd 17.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	18
Mynd 18.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.	18
Mynd 19.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa drukkið áfengi af einhverju tagi einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	19
Mynd 20.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa drukkið áfengi af einhverju tagi einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 1997 - 2012.	19
Mynd 21.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	20

Mynd 22.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 1997 - 2012.	20
Mynd 23.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	21
Mynd 24.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað marjúána einu sinni eða oftár um ævina, árin 2009 - 2012.....	21
Mynd 25.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað hass eða marjúána einu sinni eða oftár um ævina, árin 2009 - 2012.	22
Mynd 26.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunni: það er hættulegt að nota marjúána, jafnvel bara einu sinni, árið 2012.	22
Mynd 27.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunni: það er hættulegt að nota hass, jafnvel bara einu sinni, árið 2012.	23
Mynd 28.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: hass er hættulegra en marjúána, árið 2012. ..	23
Mynd 29.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: marjúána er hættulegra en hass, árið 2012. ..	24
Mynd 30.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: hass og marjúána eru jafn hættuleg efni, árið 2012.	24
Mynd 31.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.....	25
Mynd 32.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað kókaín einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	25
Mynd 33.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað E-töflu(r) einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.....	26
Mynd 34.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað sveppi einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	26
Mynd 35.	Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa sniffað einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.	27
Mynd 36.	Hlutfall stráka í 8.-10. bekk sem hafa notað anabólíska stera einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000 - 2012.....	27
Mynd 37.	Hlutfall stelpna í 8.-10. bekk sem hafa notað anabólíska stera einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000 - 2012.	28

Listi yfir töflur

Tafla 1.	Heildarfjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk árin 1997 til 2012.....	8
-----------------	--	---

Inngangsorð

Neysla unglunga á löglegum og ólöglegum vímuegjöfum er alvarlegt og viðvarandi vandamál sem þarfnast stöðugrar athygli þeirra sem að málefnum ungs fólks koma í hverju samfélagi. Af neyslunni vaxa oft óviðráðanleg persónuleg og félagsleg vandamál sem skaða heilsu þeirra sem neyta vímuefna, fjölskyldur þeirra, aðra aðstandendur og vini¹. Því er mikilvægt að fylgjast stöðugt með þróun á tíðni og umfangi vímuefnaneyslu meðal unglunga svo grípa megi inn í með viðeigandi aðgerðum sem og til að skipuleggja forvarna- og heilsueflingarstarf meðal þeirra. Rannsóknir & greining (R&G) við Háskólann í Reykjavík hefur kortlagt vímuefnaneyslu unglunga í efstu bekkjum grunnskóla um langt árabíll. Kannanir hafa verið gerðar árlega en mikilvægi tíðra mælinga á vímuefnaneyslu ungmenna þarf varla að tíunda. Nú er svo komið að í gagnagrunni R&G eru til samanburðarhæfar athuganir um vímuefnaneyslu unglunga í efstu bekkjum grunnskóla aftur til ársins 1997² og fram á þennan dag.

Við lok síðustu aldar hafði tíðni vímuefnaneyslu meðal unglunga hér á landi aukist mjög í nokkur ár³, en rannsóknir sem unnar voru á Íslandi frá árinu 1992 staðfestu grun fólks hvað varðaði aukningu á tíðni vímuefnanotkunar meðal nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla⁴.

Á síðum þessarar skýrslu gefur að líta niðurstöður kjarnamælinga R&G á vímuefnaneyslu unglunga í efstu bekkjum grunnskóla frá 1997 til 2012. Samskonar mæliaðferðir og vísar hafa verið notaðir allan þennan tíma og er gögnum safnað í þýðinu í heild en ekki er notast við úrtök eins og algengara er í sambærilegum könnunum erlendis. Niðurstöðurnar eru því mjög vel samanburðarhæfar milli ára. Þær eru settar fram með aðgreindum hætti meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk. Alls inniheldur skýrslan 37 myndir um reykingar, munn- og neftóbaksnotkun, neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna. Einnig er sýnd greining á nýjum spurningum um viðhorf unglunga til neyslu hass annars vegar og marjúána hins vegar þar sem vísendingar hafa komið fram um að þau séu ólík þó að efnin séu að upplagi eins.

¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2010; 2011. Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008.

² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2012.

³ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2009.

⁴ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

Aðferð og gögn

Þátttakendur og framkvæmd

Skýrsla þessi byggir á gögnum Rannsóknna & greininga (R&G) sem safnað hefur verið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla árin 1997, 2000, 2003, 2006, 2009 og 2012. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið samstarfsaðili R&G við gerð og úrvinnslu allra þessara kannananna. Framkvæmd og úrvinnsla hefur verið á vegum Rannsóknna & greiningar við Háskólann í Reykjavík frá 1999, en fyrir þann tíma á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Spurningalistar hafa verið sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sjá um að leggja þá fyrir eftir skýrum fyrirmælum. Með hverjum spurningalista fylgir jafnan ómerkt umslag sem þátttakendur setja spurningalistann í að útfyllingu lokinni. Ávalt er ítrekað fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn, kennitölu eða aðrar persónurekjanlegar upplýsingar á spurningalistana svo útilokað sé að rekja svörin til þeirra. Jafnframt eru þeir vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þurfa á að halda. Fjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk hvert ár og svarhlutfall má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Heildarfjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk árin 1997 til 2012.

Ár	Fjöldi þátttakenda	Hlutfall af þýði (%)
1997	9.292	90
2000	9.487	82
2003	10.743	81
2006	10.489	82
2009	11.178	84
2012	11.222	86

Mælitæki

Mælitæki rannsóknanna eru ítarlegir spurningalistar, fyrir nemendur í 8.-10. bekk, sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi.


Úrvinnsla

Í þessari skýrslu er dregin upp lýsandi mynd af þróun og breytingum á tíðni vímuefnaneyslu unglunga sem sækja nám í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi frá 1997 til 2012. Niðurstöðurnar eru settar fram með línuritum skipt eftir bekkjarárgöngum á 37 tölusetnum myndum. Fyrst er fjallað um reykingar, þá notkun munn- og neftóbaks, svo áfengisnotkun og að lokum notkun kannabisefna og annarra ólöglegra vímuefna. Almennt er niðurstöðum ekki skipt eftir kyni nema í málaflokkum þar sem vel þekktur kynjamunur er fyrir hendi, í umfjöllum um munn- og neftóbak og notkun á anabólískum sterum.

Niðurstöður


Reykingar

Prófað að reykja einu sinni eða oft um ævina



Mynd 1. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa prófað að reykja sígarettu(r) einhvern tíma um ævina, árin 1997 - 2012.


Daglegar reykingar




Mynd 2. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem reykja sígarettu(r) daglega, árin 1997 - 2012.

Munn- og neftóbaksnotkun

Munntóbak einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 3. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.




Mynd 4. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.

Neftóbak einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 5. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.




Mynd 6. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.

Munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 7. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.




Mynd 8. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár um ævina, árin 2003 - 2012.

Munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina




Mynd 9. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 - 2012.




Mynd 10. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 - 2012.

Neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina




Mynd 11. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 - 2012.




Mynd 12. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 - 2012.

Munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga




Mynd 13. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.




Mynd 14. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.

Neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga




Mynd 15. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.




Mynd 16. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.

Munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga




Mynd 17. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.



Mynd 18. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað munn- eða neftóbak einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 2006 - 2012.


Neysla áfengis

Áfengi einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 19. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa drukkið áfengi af einhverju tagi einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Áfengi einu sinni eða oftár sl. 30 daga




Mynd 20. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa drukkið áfengi af einhverju tagi einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 1997 - 2012.

Ölvun einu sinni eða oftár um ævina



Mynd 21. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.


Ölvun einu sinni eða oftár sl. 30 daga



Mynd 22. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga, árin 1997 - 2012.


Neysla kannabisefna

Hass einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 23. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Marijúana einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 24. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað marijúana einu sinni eða oftár um ævina, árin 2009 - 2012.

Hass eða maríjúana einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 25. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað hass eða maríjúana einu sinni eða oftár um ævina, árin 2009 - 2012.


Viðhorf til hass og/eða maríjúana




Mynd 26. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunni: það er hættulegt að nota maríjúana, jafnvel bara einu sinni, árið 2012.




Mynd 27. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunni: það er hættulegt að nota hass, jafnvel bara einu sinni, árið 2012.



Mynd 28. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: hass er hættulegra en maríjúana, árið 2012.




Mynd 29. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: marjúána er hættulegra en hass, árið 2012.



Mynd 30. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem eru sammála, óviss eða ósammála fullyrðingunum: hass og marjúána eru jafn hættuleg efni, árið 2012.


Neysla annarra vímuefna

Amfetamín einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 31. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Kókaín einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 32. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað kókaín einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

E-töflu(r) einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 33. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað E-töflu(r) einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Sveppir einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 34. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa notað sveppi einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Sniff einu sinni eða oftár um ævina




Mynd 35. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk sem hafa sniffað einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997 - 2012.

Anabólískir sterar einu sinni eða oftár um ævina



Mynd 36. Hlutfall **stráka** í 8.-10. bekk sem hafa notað anabólíska stera einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000 - 2012.



Mynd 37. Hlutfall **stelpna** í 8.-10. bekk sem hafa notað anabólíska stera einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000 - 2012.

Samantekt og umræða

Helsta niðurstaða þessarar úttektar um vímuefnaneyslu unglunga í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla hér á landi er að tíðni hennar hefur lækkað mikið frá árinu 1997 og fram til ársins 2012. Eðli málsins samkvæmt er tíðnin ætíð hæst í 10. bekk og lægst í 8. bekk með nemendur í 9. bekk þar á milli. Mestar breytingar koma því jafnan fram í tíðni meðal nemenda í 10. bekk.

Ef tiltekin vímuefni eru skoðuð þá hefur tíðni reykinga einu sinni eða oftár um ævina í 10. bekk lækkað úr 61% árið 1997 niður í 21% árið 2012 og tíðni daglegra reykinga úr 21% í 3% fyrir sömu ár í 10. bekk. Sambærilegar breytingar um lækkun á tíðni reykinga koma fram í 8. og 9. bekk. Reglubundnar mælingar um notkun munn- og neftóbaks hófust árið 2003 en það ár sögðust 31% stráka í 10. bekk hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár um ævina en 20% árið 2012. Tíðni notkunar munntóbaks einu sinni eða oftár um ævina meðal stelpna hefur aftur á móti breyst lítið og raunar aukist úr 9% árið 2003 í 11% árið 2012. Svipuð þróun kemur fram í 8. og 9. bekk þó tíðnin sé lægri eins og gefur að skilja. Hins vegar hefur tíðni yfir notkun neftóbaks einu sinni eða oftár um ævina lækkað mikið meðal bæði stráka og stelpna frá 2003 til 2012. Sem dæmi sögðust 51% stráka í 10. bekk hafa notað slíkt tóbak árið 2003 en 26% árið 2012, en sambærileg tíðni var 24% meðal stelpna árið 2003 og 16% árið 2012. Samskonar lækkun hefur orðið í 8. og 9. bekk. Þegar notkun munn- og neftóbaks 20 sinnum eða oftár um ævina er skoðuð má sjá svipaðar breytingar meðal stráka og yfir tíðni um ævina. Það er, tíðni yfir notkun neftóbaks lækkar meira en munntóbaks. Hins vegar er tíðni notkunar munn- eða neftóbaks 20 sinnum eða oftár um ævina meðal stelpna lítil sem engin og hefur verið það frá upphafi mælinga. Sambærilegar breytingar koma fram yfir tíðni notkunar munn- og neftóbaks stráka og stelpna undanfarna 30 daga. Hefur tíðnin almennt lækkað um fleiri prósentustig meðal stráka en stelpna en heildartíðnin er þó ætíð hærri meðal stráka.

Áfengisneysla hefur einnig minnkað mikið frá 1997 og fram til 2012. Sem dæmi hefur tíðni neyslu einu sinni eða oftár um ævina lækkað úr 82% í 48% meðal nemenda í 10. bekk og úr 67% í 35% í 9. bekk. Áfengisneysla síðastliðna 30 daga lækkar úr 49% árið 1997 í 15% árið 2012 og úr 33% í 8% í 9. bekk yfir sama tímabil. Tíðni ölvunar hefur einnig lækkað yfir sama tímabil. Árið 1997 svöruðu 63% nemenda í 10. bekk því til að hafa orðið ölvuð einu sinni eða ofar um ævina en 21% árið 2012. Sama tíðni í 9. bekk var 41% árið 1997 en 9% árið 2012. Samskonar þróun má sjá yfir

tíðni ölvunar undanfarna 30 daga fyrir gerð kannananna en hún var 38% í 10. bekk árið 1997 en 7% árið 2012 og fór úr 23% í 3% í 9. bekk yfir sama tímabil. Mælingar á neyslu kannabisefna voru framan af bundnar við spurningar um notkun á hassi en tekið var að mæla notkun maríjúana einnig árið 2009. Frá því hefur verið spurt um hvoru tveggja. Tíðni yfir neyslu á hassi einu sinni eða oftár um ævina hefur lækkað úr 13% í 10. bekk árið 1997 (og reyndar 17% árið 1998) í 3% árið 2012 og var tíðnin 2% í 9. bekk og 1% í 8. bekk árið 2012. Tíðni á neyslu maríjúana einu sinni eða oftár um ævina breytist lítið á milli þeirra tveggja mælipunkta sem eru fyrir hendi, 2009 og 2012, og var um 7% í 10. bekk árið 2012, 3% í 9. bekk og um 2% í 8. bekk. Ef hins vegar tíðni yfir notkun hass eða maríjúana er tekin saman árið 2012 þá má sjá, að hún er svo til sú sama og tíðni notkunar maríjúana eingöngu. Þetta þýðir að neysla kannabisefna í þessum aldurshópum er nú að mestu leiti bundin við maríjúana og að þau sem á annað borð hafa notað hass hafa yfirleitt líka notað maríjúana. Neytendur hass og maríjúana eru því ekki aðgreindir hópar heldur einn og sami hópurinn.

Árið 2012 var nýjum spurningum bætt við um viðhorf til notkunar hass annars vegar og maríjúana hins vegar (myndir 26-30). Um 76% nemenda í 10. bekk segjast sammála fullyrðingunni „það er hættulegt að nota maríjúana, jafvel bara einu sinni“, en 84% í 9. bekk og 88% í 8. bekk hafa sömu skoðun. Heldur stærra hlutfall nemenda segjast sammála fullyrðingunni „það er hættulegt að nota hass, jafvel bara einu sinni“ eða um 83% í 10. bekk, 88% í 9. bekk og 90% í 8. bekk. Þegar tekin er afstaða til fullyrðingarinnar „hass er hættulegra en maríjúana segjast 45% nemenda í 10. bekk sammála því en um 42% eru sama sinnis bæði í 8. og 9. bekk. Sé fullyrðingunni hins vegar snúið við segjast 25% í 10. bekk, 28% í 9. bekk og 31% í 8. bekk sammála því að „maríjúana sé hættulegra en hass“. Þá segjast 47% nemenda í 10. bekk en 50% í 9. og 8. bekk sammála því að hass og maríjúana séu jafn hættuleg efni. Viðhorf unglunga í efstu bekkjum grunnskóla hér á landi virðist því almennt léttvægara í garð maríjúana en hass.

Notkun á amfetamíni einu sinni eða oftár um ævina er fátíð og mælist nú um 2% í 10. bekk og 1% í 8. og 9. bekk og það sama má segja um kókaín, e-töflur og sveppi en tíðni notkunar allra þessara efna einu sinni eða oftár um ævina hefur haldist stöðug við 1-2% og breyst lítið sem ekkert yfir tíma. Tíðni yfir notkun sniffefna einu sinni eða oftár um ævina var algengari áður og mældist til að mynda 8% í 10. bekk árið 1997 en 1% árið 2012. Þá er notkun anabólískra stera sjaldgæf og mælist um 1% meðal stráka einu sinni eða oftár um ævina nú árið 2012 en engin meðal stelpna.

Spurningin sem augljóslega stendur eftir er hvað orsaki þá miklu lækkun á tíðni vímuefnaneyslu unglunga í efstu bekkjum grunnskóla sem kemur fram í skýrslunni. Ástæðurnar geta verið í það minnsta tvær.

Í fyrsta lagi má velta fyrir sér hvort breytingarnar séu almennar en hafi ekki orðið á Íslandi eingöngu. Skoðun á nýjustu skýrslu ESPAD (European School Project on Alcohol and other Drugs) rannsóknarinnar sem hefur mælt vímuefnanotkun unglunga í Evrópu á þriggja til fjögurra ára fresti frá 1995 til ársins 2011 bendir til að breytingarnar hér á landi hafi almennt verið stöðugri og í mörgum tilfellum meiri en í öðrum Evrópulöndum⁵. Ísland mælist nú með lægstu tíðni allra Evrópulanda yfir reykingar og áfengisneyslu meðal unglunga og er í hópi þeirra lægstu yfir notkun annarra efna⁶. Þá er Ísland undir tíðni Bandaríkjanna í öllum tilfellum einnig en þar hefur tíðni neysla áfengis og tóbaks í þessum aldurshópi einnig lækkað mikið síðastliðin áratug⁶.

Í öðru lagi er sá möguleiki að forvarnastarf hafi skilað meiri árangri hér á landi en annars staðar. Umhverfi vímuefnaforvarna meðal unglunga hefur breyst mikið hér á landi frá lokum 10. áratugarins þegar verkefninu *Ísland án eituryfja árið 2000* var komið á fót. Sem dæmi hefur Lýðheilsustöð (nú undir Embætti landlæknis) unnið að tóbaks, áfengis- og vímuefnaforvörnum með beinum og óbeinum hætti, lagabreytingar hafa verið gerðar s.s. til að draga úr sýnileika tóbaks og hækkun sjálfræðisaldurs og Forvarnadagurinn, að frumkvæði forseta Íslands, hefur verið haldinn í nokkur ár. Þá hafa forvarnir fengið verulega aukið vægi innan sveitarfélaga sem og meðal foreldra og skóla, og þekking um áhættu og verjandi þætti vímuefnaneyslu er nú almennari í samfélaginu en áður var. Rannsóknir & greining hefur einnig unnið að staðbundinni og skipulagðri forvarnavinnu í nærsamfélaginu í samvinnu við sveitarfélög, skóla og foreldraráð og komið fram árlega með upplýsingar um neyslumynstur meðal grunnskólanema ásamt niðurstöðum um áhættu- og verjandi þætti og eftirfylgni um nýtingu upplýsinganna⁷. Árangurinn af þessu starfi var metin nýlega og virðist það hafa skilað árangri umfram aðrar almennar aðgerðir hér á landi⁸.

Í samantekt hefur tíðni vímuefnaneyslu meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla lækkað mjög hér á landi síðastliðin 15 ár og af framansögðu má álíta að

⁵ Hibell o.fl. 2012.

⁶ Johnston o.fl. 2012.

⁷ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2009; 2010; 2011.

⁸ Álfrgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2010.

árangurinn sé líklega til kominn vegna hvort tveggja, sértækrar og almennrar forvarnavinnu sem unnin hefur verið frá lokum tíunda áratugar síðustu aldar á Íslandi.

Heimildir

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir (2012). *Ungt Fólk 2012: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Samanburður fyrri rannsókna*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Hibell, B., Guttormsson, U., Ahlström, S., Balakireva, O., Bjarnason, T., Kokkevi, A., Kraus, L. (2012). *The 2011 ESPAD report. Substance Use Among Students in 36 European Countries*. Stockholm, Sweden: CAN and the Pompidou Group.
- Johnston, L.D., O'Malley, P.M., Bachman, J.G., Schulenberg, J.E. (2012). *Monitoring the Future: National Results on Adolescent Drug Use*. Ann Arbor, USA: Institute for Social Research, University of Michigan.
- Kristjánsson, A.L., James, J.E., Allegrante, J.P., Sigfusdóttir, I.D., Helgason, A.R. (2010). Adolescent substance use, parental monitoring, and leisure-time activities: 12-year outcomes of primary prevention in Iceland. *Preventive Medicine*, 51, 168-171.
- Kristjánsson, A.L., Sigfusdóttir, I.D., Allegrante, J.P., Helgason, A.R. (2008). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: A population-based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 8:86.
- Sigfusdóttir, I.D., Kristjánsson, A.L., Gudmundsdóttir, M.L., Allegrante, J.P. (2010). A collaborative community approach to adolescent substance misuse in Iceland. *International Psychiatry*, 7, 86-88.
- Sigfusdóttir, I.D., Kristjánsson, A.L., Gudmundsdóttir, M.L., Allegrante, J.P. (2011). Substance use prevention through school and community-based health promotion: a transdisciplinary approach from Iceland. *Global Health Promotion*, 18, 23-26.
- Sigfusdóttir, I.D., Thorlindsson, T., Kristjánsson, A.L., Roe, K.M., Allegrante, J.P. (2009). Substance use prevention for adolescent: the Icelandic Model. *Health Promotion International*, 24, 16-25.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Uppeldis- og menntamála.